

Reykjavík, 2. mars 2012

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um nálgunarbann og brottvísun af heimili, nr. 85/2011 (kæruheimild) (Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

Barnaheill - Save the Children á Íslandi telja eðlilegt að einstaklingur geti kært til æðra dómsstigs, dómsúrskurð dómara um hvort lagt verði á nálgunarbann eða brottvísun af heimili, svo og úrskurð sem gengur í máli um slíka kröfu ef hann getur sætt kæru eftir almennum reglum 1. mgr. 192. gr. laga um meðferð sakamála eins og gildir í öðrum sakamálum. Slík kæra má þó ekki verða þess valdandi að öryggi og vernd þess einstaklings sem fer fram á nálgunarbann eða brottvísun verði ógnað

Samtökin leggja áherslu á mikilvægi þess að ávallt skuli tilkynna brottvísun af heimili eða nálgunarbann til barnaverndarnefndar ef barn býr á heimilinu.

Samtökin leggja til að ef börn eru á heimili verði hægt að úrskurða um tímabundna brottvísun af heimili meðan mál er rannsakað. Samtökin telja að slíkt skuli líka eiga við hvað nálgunarbann varðar. Ef sá sá sem beittur er nálgunarbanni eða brottvísun af heimili er foreldri barns sem býr á heimilinu, þarf jafnframt að skoða rétt barnsins til umgengni við það foreldri og hvortslík umgengni sé í andstöðu við öryggi og velferð barnsins. Mikilvægt er að taka mið af vilja barnsins í samræmi við aldur þess og þroska.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi leggja áherslu á þá grundvallarreglu barnaréttarins og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að ávallt beri að hafa hag og þarfir barnsins að leiðarljósi þegar málefni þess eru ráðin, sama hver þau eru.

Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga öll börn rétt á vernd gegn hverskonar ofbeldi. Börn eiga jafnframt rétt á að búa við aðstæður sem stuðla að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska þeirra. Barn sem býr á heimili þar sem ofbeldi er beitt, jafnvel þó að ofbeldið beinist ekki beint gegn barninu, er þólandi andlegs ofbeldis og elst upp við mikið óöryggi sem er skaðlegt þroska þess.

Á árinu 2011 kom út skýrsla Barnaheilla – Save the Children á Íslandi „*Börn sem eru vitni að heimilisofbeldi*“ og fjallar hún m.a. um félagslegan stuðning og úrræði sem í boði eru í Reykjavík. Rannsóknin var styrkt af Daphne-áætlun Evrópusambandsins og unnin í

samvinnu við Barnaheill – Save the Children á Spáni og á Ítalíu. Viðmælendur sem tóku þátt í rannsókninni, eru allir sammála um að börn sem búa við heimilisofbeldi séu einnig fórnarlömb ofbeldisins. Rétt er að benda á, að viðmælendurnir starfa hjá mikilvægum stofnunum í samfélaginu sem mörgum hverjum er ætlað að vernda börn með hag þeirra að leiðarljósi.

Langtímarannsóknir gefa til kynna að börnum sem alast upp við heimilisofbeldi er hættara við að þróa með sér langvarandi sálræn og félagsleg vandamál s.s. þunglyndi, kvíða, sektarkennd, misnotkun áfengis og vímuefna. Í alþjóðlegri rannsókn sem Sameinuðu þjóðirnar unnu árið 2005 kemur fram að áætla megi að 275 milljónir barna verði hvað eftir annað vitni að ofbeldi gegn móður eða á milli foreldra. Áætlað er að a.m.k. 2.000 börn verði á ári hverju vitni að heimilisofbeldi á Íslandi (sem væru þá 2,5% íslenskra barna). Ekki er óvarlegt að álykta, að börnin séu enn fleiri því að heimilisofbeldi er því miður oftast en ekki, eitt besta geymda leyndarmál fjölskyldunnar. Barnaheill - Save the Children á Íslandi vilja ítreka þær áherslur sem fram komu í umsögn samtakanna frá maí 2011, að í allri málsmeðferð, hvort sem er hjá lögreglustjóra (III kafli, 7. – 9. gr.laganna) eða fyrir dómi (IV kafli, 12. - 15. gr.laganna) verði litið á barnið sem brotþola, barnið fái réttargæslumann (13. gr.), viðeigandi aðstoð og stuðning. Samtökin leggja áherslu á að kveðið verði á um í lögum að ávallt skuli kalla til barnaverndaryfirvöld ef barn býr á heimili þar sem ofbeldi á sér stað, jafnvel þó að barnið dvelji ekki á heimilinu þegar tilkynning er gerð/berst yfirvöldum.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hvetja íslensk stjórnvöld til að koma á heildstæðri stefnu í málum barna sem eru vitni að heimilisofbeldi, með viðeigandi skimun, úrræðum, formlegu samstarfi og samhæfingu á milli stofnana, þ.á.m. lögreglu, barnaverndar, félagsþjónustu, skólakerfis, dómskerfis og heilbrigðisþjónustu. Jafnframt er þörf á eftirfylgni, stuðningi og meðferð eftir að ofbeldið hefur verið stöðvað.

Virðingarfyllst,

f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Ágúst Þórðarson,
framkvæmdastjóri